

# **Stöðuskýrsla frá Verkefnishópi um endurskoðun lagaumhverfis vísinda og tækniráðs.**

## **Kynnt á fundi Vísinda- og tækniráðs 8. mars 2019**

Verkefnishópurinn um endurskoðun á fyrirkomulagi á stjórnun vísinda, tækni og nýsköpunar tók til starfa í nóvember 2018. Hópurinn skipa: Guðrún Nordal (formaður, fyrrverandi formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs), Ásdís Jónsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti), Heimir Skarphéðinsson (atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti), Sigríður Valgeirsdóttir (atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti) og Steinunn Halldórsdóttir (verkefnisstjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Núgildandi lög um vísinda-, tækni og nýsköpunarumhverfið heyra undir þrjú ráðuneyti ( lög nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð undir forsætisráðuneytið, lög nr 3. /2003 um stuðning við vísindarannsóknir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og lög nr. 75/2007 um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið). Lagafrumvörp um þessi efni voru samin á sama tíma og hugsuð sem heild. Í vinnu verkefnishópsins er horft á þessi þrjú lög öll saman.

Hópurinn hefur lokið að fara yfir matskýrslur og gögn sem varða starf Vísinda- og tækniráðs, sjóðanna og annarrar starfsemi frá því að upprunalegu löggin voru sett árið 2003.

Örar samfélags- og tæknibreytingar kalla á sveigjanlegri, samhæfðari og snarpari stjórnsýslu vísinda og nýsköpunar, sem og menntakerfisins. Mörg lönd hafa gert viðamiklar breytingar á stjórnsýslu sinni á allra síðustu árum í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar og breyttra rafræna samskipta. Hópurinn hefur kynnt sér stjórnkerfi vísinda og nýsköpunar í öðrum löndum og valið fjögur lönd til sérstakrar skoðunar, Finnland, Eistland, Sviss og Holland. Hópurinn fór í fyrri vettvangsheimsóknina til Finnlands og Eistlands, en íslensku og eistnesku stjórnkerfin eru mótuð af finnskri fyrirmynd. Seinni ferðin verður farin til Sviss og Hollands 11. – 14. mars, tveggja leiðandi Evrópulanda á sviði vísinda og nýsköpunar.

Núverandi skipulag vísinda, tækni og nýsköpunar var hannað að finnskri fyrirmynd en Finnar hafa gert veigamiklar breytingar á vísinda-, háskóla- og nýsköpunarkerfi sínu á síðustu sextán árum. Í vettvangsheimsókn til Finnlands voru haldnir fundnir með ráðuneytum menntamála og efnahagsmála til að ræða forsendur þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á finnska kerfinu. Helstu breytingarnar eru mikil einföldun á vísinda- og nýsköpunarráðinu, sem er þó áfram leitt af forsætisráðherra, en einnig skipulagsbreytingar í stjórnsýslu nýsköpunar. Þar ber helst að nefna stofnun Business Finland á síðasta ári. Einnig var farið í heimsókn til sambærilegra ráðuneyta í Eistlandi. Eistar hafa bryddað upp á ýmsum áhugaverðum lausnum til að styrkja stjórnsýslu og framkvæmd opinberrar stefnu.

Hópurinn hefur kortlagt helstu hagaðila og mun á næstu mánuðum eiga við þá samræður.

Ráðgert er að skila endanlegum tillögum til forsætisráðuneytis í september 2019.